



Reykjavík, 8. maí 2015

### Niðurstaða athugunar á lánveitingum Íslandsbanka hf. til lögaðila

Fjármálaeftirlitið hefur framkvæmt athugun á nýjum lánveitingum Íslandsbanka til lögaðila. Athugunin fór fram á öðrum ársfjórðungi 2014. Markmið athugunarinnar var að kanna útlánaferli Íslandsbanka, með tilliti til fylgni við útlánareglur og stefnu bankans um verðlagningu og tryggingatöku.

Íslandsbanki afhenti Fjármálaeftirlitinu yfirlit yfir öll ný útlán bankans á 12 mánaða tímabili sem voru hærrí en 100 milljónir króna. Fjármálaeftirlitið tók lánveitingar til þriggja lögaðila til nánari skoðunar og var miðað við að eitt útlán væri til viðskiptavinar sem væri þegar í viðskiptum við bankann, annað væri til viðskiptavinar sem ekki hefði verið í viðskiptum við bankann fyrir veitingu lánsins og þriðja útlánið væri til fyrirtækis sem tengdist hótélgeiranum. Í öllum þremur tilvikunum var um að ræða útlán yfir einn milljarð króna. Athugunin fór þannig fram að Fjármálaeftirlitið skoðaði feril lánveitinga frá því umsókn eða beiðni um lánveitingu barst Íslandsbanka og þar til að bankinn hafði greitt lánið út. Við athugunina studdist Fjármálaeftirlitið við lánastefnu, lánareglur og lánahandbók bankans sem og reglur bankans um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Niðurstaða athugunarinnar

Niðurstöður athugunarinnar eru byggðar á þeim upplýsingum sem aflað var og miðast við stöðuna á þeim tíma sem athugunin fór fram.

Að mati Fjármálaeftirlitsins voru lánveitingar bankans til tveggja lögaðila í samræmi við innri reglur bankans. Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd varðandi lánveitingu til þriðja lögaðilans þar sem framkvæmd áreiðanleikakönnunar var ekki í samræmi við innri reglur bankans. Fjármálaeftirlitið fór fram á að bankinn framkvæmdi að nýju áreiðanleikakönnun fyrir lögaðilann og sendi eftirlitinu afrit. Fjármálaeftirlitið gerði einnig athugasemd við að Íslandsbanki sendi eftirlitinu ófullnægjandi gögn í kjölfar gagnabeiðni Fjármálaeftirlitsins.